

# SORGARSAGA

## Til Velvakanda.

„Í hverjum manni Jesús Kristur,“ segir í söngtexta Hjálpum þeim. En allir heilvita menn vita að við mannfólkið eigum langt fyrir höndum að höndla í verki þá stórbrotnu persónu sem frelsari vor er og var. Eitt af því góða sem ég tíunda er staður við Hallærisplan sem heitir Geðhjálp og kem ég þar oft. Tílefni greinarinnar er vinkona mín og félagi hennar sem ég hitti í Geðhjálpinni daginn sem þetta er skrifað og voru peningalaus og báðu um að sér yrði gefið kaffi. Var það góðfúslega gert. Þau sögðu farir sínar ekki sléttar.

Þau bjuggu í húsi sem er í Þingholtsstræti 25. Þangað kemur hús-næðislaust fólk og fær að sofa. Eru það orð að sönnu því þau sem ég nefndi áðan sögðu að þau væru „rekin út á beit“ kl. 9 og fá ekki að stíga inn í húsið aftur fyrr en 7 að kvöldi. Verða þau að norpa í húsasundum og nú er kaldur vetur sem enn er ólokið eða stelast inn í banka og fá sér þar kaffi sem er ætlað viðskiptavinum bankanna.

Þetta er sorgarsaga um aðbúnað þeirra sem mega sín minnst og hafa ekki kjark til að láta frá sér heyra. Svo vil ég víkja að listinni,

því ég hef fengist við þá hluti. Það er einnig um þá sem minnst mega sín á listabrautinni, en svo menn skilji þá er það fjársveldi manna sem hafa átt um sárt að binda eða í sumum tilfellum mætti ætla að sumir listamenn verði að láta dæma sig geðfatlaða því ekki er unnt að lifa á ljóðlist og í tilfellum þessara manna ekki heldur á myndlist hér á landi. Fræg er á vorum dögum sagan um geðfatlaða myndlistarmanninn Vincent Van Gogh. Hann seldi enga mynd meðan hann lifði og lifði skamma ævi og skaut sig.

Þið ráðamenn þjóðarinnar, þið þarna í menntamálaráðuneytinu, lofið okkur einnig að njóta listrænna styrkja í staðinn fyrir að ausa einhverjum 25 milljónum í einn kvikmyndagerðarmann, þá þurfum við sem skrifum ljóð ekki nema molana af borði ríka mannsins í samanburði við þetta.

Það er kreppa í heiminum og kreppa í listinni og dæmigert að aðeins langskólagengnir menn fá hér sýningarsali og er það vel, því steinninn sem smíðirnir höfnuðu getur orðið að hyrningarsteini. Ég bið um úrbætur í þessum efnun.

**Pálmi Örn Guðmundsson**